

1872.

10. desbr.

ákveðið er með konungs úrskurði 6. júní 1851¹, að útgjöld þau, sem þurfi til sóttvarnarhalds, skuli greidd úr jafnaðarsjóði hlutaðeiganda amts, verður og að álita, að sektir fyrir afbrot gegn sóttvarnarlögum skuli renna í tæða sjóði, og skal því greiða fyrnefnda 15 rd. samkvæmt þessu til jafnaðarsjóðs suðuramtsins.

17. desbr.

116. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu, um verzlun við Sigríðarstaða-ós í Húnavatnssýslu.

Eptir að hingað hafði borizt bréf yðar, herra amtmaður, dagsett 14. októbr. þ. á., ásamt með tilheyrandi fylgiskjöllum, höfum vèr í dag skrifað hinum íslenzku kaupmönnum F. Hillebrandt og F. Gudmann á þessa leið:

„Í skjali nokkru, dagsettu 30. októbr. f. á., hafið þèr skýrt frá, að skonnortuskiði Erlen frá Norvegi, sem skipstjórnarmaður Andreassen ræður fyrir, og sem verzlunarfélag nokkurt í Björgvin á eða hefir haft til leigu, — en verzlunarfélag þetta hefir eigi fastan verzlunarstað á Íslandi — hafi í fyrra sumar siglt upp á Sigríðarstaða-ós í Húnavatnssýslu, og hafi þá á tæðu skipi verið keyptar innlendar og seldar útlendar vörur; hafið þèr út af þessu jafnframt farið þess á leit, að hlutaðeiganda lögreglustjóra verði boðið, að sjá um, að verzlunarlögunum verði fram fylgt.

Eptir að vèr höfum látið halda lögregluþróf í málinnu, gefum vèr yður til vitundar, að með því það er komið fram við prófið, að hið íslenzka verzlunarfélag við Húnaflóa, sem á verzlunarstað á Borðeyri, hafi haft til leigu tæð skip frá Norvegi, og að verzlunin með farm skipsins hafi fram farið fyrir reikning nefnds félags, án þess það sè sannað, að brotið hafi verið í nokkru gegn hinum íslenzku verzlunarlögum (sbr. opið bréf 19. maí 1854)², hefir

¹) Lovsamling for Ísland, XV., 109, sbr. 148.

²) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, I., 7.

stjórnarráðið eigi fundið ástæðu til að halda lengra út í þetta mál”.

1872.
17. desbr.

Þetta leiðum vèr eigi hjá oss að tilkynna yður, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar.

118. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um sending tíðinda frá ríkisþingi Dana. 17. desbr.

Eftir að vèr samkvæmt beiðni yðar, herra stiptamtmaður, með bræfi 24. septbr. höfðum hlutast til um, að send voru með síðustu póstskeipsferð á þessu ári til bókasafns alþingis þau þrjú ár af tíðindum frá ríkisþingi Dana, sem vantaði, og stungið uppá, að veitt yrði landshöfðingja-embættinu ókeypis exemplar af tæðum tíðindum, hefir skrifstofa ríkisþingsins skýrt stjórnarráðinu frá, að forsetar þingdeildanna hafi samþykkt uppástungu þessa, þannig að skjalasafn tæðs embættis fær ókeypis exemplar af tíðindunum frá ríkisþingi þessa árs og eptirleidis.

Þetta leiðum vèr eigi hjá oss að tilkynna yður, yður til leiðbeiningar.

119. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins og amtmananna á Íslandi, um fiskiveiðar Englendinga við Ísland. 18. desbr.

Dómsmálastjórnin sendir yður, herra stiptamtmaður (herra amtmaður), með bræfi þessu ágríp af skýrslu frá foringjanum á herskipinu *Valorous*, sem enska stjórnin sendi í sumar til Færeyja og Íslands, til þess að hafa gætur á enskum fiskimönnum þar,